

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum

Ráðstafanir vegna COVID-19

Uppfært 30.04.2020

Í samræmi við opinber tilmæli og til þess að leggja okkar að mörkum til þess að hefta útbreiðslu á COVID-19 mun Tónlistarskólinn á Egilsstöðum gera eftirfarandi ráðstafanir í kennslu á meðan samkomubann og breytt fyrirkomulag á skólahaldi er í gildi. Eftirandi ráðstafanir gilda frá 4. maí.

Hreinlætis- og sóttvarnarráðstafanir

Nemendur eiga að **þvo sér um hendur** fyrir og eftir hvern tónlistartíma. Spritt verður í öllum stofum til sótthreinsunar á höndum.

Nemendur eiga að nota sín eigin **hljóðfæri og útbúnað**, þar með talið gítara, sé þess nokkur kostur. Trommuleikarar koma með sína eigin kjuða. Nemendur koma með eigin skriffæri og námsgögn. Nemendur skulu ekki lána öðrum hljóðfæri sín. Ekki eru notaðir míkrofónar í söngkennslu. Kennarar sjá um að þrifa snertifleti, þar á meðal hljóðfæri og annan búnað sem nemendur nota. Snertifletir eru þrífir á milli ólíkra hópa sem fá kennslu í sama rými. Nemendum sem ekki hlýða fyrirmælum um að snerta ekki óviðkomandi útbúnað eða að halda fjarlægð frá öðrum er vísað úr tíma.

Nemendur Tónlistarskólans koma **inn um aðalinnangang** Egilsstaðaskóla utanfrá. Nemendur mega koma beint úr Egilsstaðaskóla.

Starfsmönnum og nemendum sem eru veikir eða hafa fengið tilmæli um að fara í sóttkví er óheimilt að koma í skólann.

Kennsla

Kennsla í einkatímum í söng og hljóðfæraleik fara fram að mestu með hefðbundnu sniði.

Hópkennsla hefst á ný með hefðbundnu sniði 4 maí, en nemendur 16. ára og eldri og kennarar verða að fylgja tveggja metra reglunni.

Leyfi: Foreldrar geta fengið leyfi fyrir börnin sín hvenær sem er á þessum tíma og eins nemendur eldri en 18 ára fyrir sig sjálfa. Þó er minnt á að skrá leyfin í Schoolarchive eða að láta kennara vita með öðrum hætti, við fáum ekki upplýsingar frá Egilsstaðaskóla um leyfi nemenda.

Fjarkennsla: Boðið er upp á fjarkennslu fyrir þá sem það kjósa. Hafið samband við kennara ef þið hafið áhuga á fjarkennslu.